

sýningarsalir**Skruggubúð við Suðurgötu:**

Á föstudaginn langa kl. 15 opnar sýning á andtrúarlegri list, þar sem 40 listamenn víðs vegar að úr heiminum sýna verk sín. Sýningin er opin kl. 17-21 virka daga og kl. 15-21 um helgar. Henni lýkur 20. apríl.

Ásmundarsalur:

Á fimmtudag, 31. mars, opnar hópurinn MING samsýningu, í hópunum eru fjögur ungmenni, Magnús, Ingibjörg, Nanna og Gunnar. Opnið kl. 14-22 og lýkur 4. apríl.

Sýningarsalir:**Norræna húsið:**

Árni Ingólf, Daði Guðbjörn, Helgi Þorgils, Kjartan Óla, Kristinn G. Harðar, Tumi Magnús og Valgaður Gunnars sýna það nýjasta í málverkinu. Opnið til 9. apríl. Myndarlegt afrek ungu manna. Opnið um páska. Sigríður Gunnars sýnir ljósmyndir í anddyri.

Listasafn ASÍ:

Sýningu Kristjáns Guðmundssonar og Ólafs Lárussonar lýkur 4. apríl. Opnið um páska.

Listmunahúsið:

Samsýningu Guðrúnar Auðunsdóttur, Eyjólf Einarssonar, Rögnu Róbertsdóttur, Guðrúnar Gunnarsdóttur Árna Páls, Sigrúnar Eldjárn og Daða Guðbjörnssonar lýkur 4. apríl. Opnið á skírdag og á 2. í páskum. Flýtið ykkur.

Mokka:

Nemendur Verslunarskóla Íslands sýna ljósmyndir og málðar myndir, svo og skúlptúra. Framhald af listahátíð skólans. Sýningunni lýkur eftir páska.

Hallgrímskirkja:

Passíumyndir Barböru Árnason til sýnis í anddyri. Opnið kl. 16-22 fram að páska.

Gallerí Háholt, Hafnarfirdi:

Sigríður Haukur Lúðvíksson opnar málverkasýningu á laugardag. Myndirnar eru málðar með vatnslitum og olíu. Sýningin verður opin daglega kl. 14-22 til 17. apríl.

Gallerí Langbrók:

Hjördis Bergsdóttir sýnir tauprykk. Opnið kl. 12-18 daglega nema kl. 14-18 um helgar. Sýningunni lýkur 20. apríl.

Gallerí Lækjartorg:

Skúli Ólafsson sýnir 50-60 myndir, expressjónískar fantasíur, raunsæjar blækteikningar og margt fleira.

Nýlistasafnið:

Jóhanna Kristín Yngvadóttir opnar sýningu á föstudaginn langa kl. 20. Þar sýnir hún málverk, sem máluð voru á undanfögnu ári. Þetta er fyrsta einkasýning Jóhönnu, en hún hefur áður sýnt á Gullströndinni og á UM á Kjarvalsstöðum fyrir skömmu. Sýningin er opin alla daga kl. 14-22 og lýkur henni 10. apríl.

Gallerí Íslensk list:

Fjöldasýning félagsmanna úr Listmunafélaginu að Vesturgötu 17 í splunkunýju gallerí.

Bókasafn Kópavogs:

Ingiberg Magnússon sýnir grafik á venjulegum opnunartíma safnsins kl. 11-21 virka daga og 14-17 á laugardögum. Sýningunni lýkur 16. apríl.

Kjarvalsstaðir:

Kirkjulistarsýning í öllu húsinu. Opnið alla páskadaga.

leikhús**Þjóðleikhúsið:**

Skírdagur: Lína langsokkur eftir Lindgren kl. 14.
Silkítrómmann eftir Atla Heimi Sveinsson kl. 20.
2. í páskum: Lína langsokkur kl. 14.
Silkítrómmann kl. 20.

Leikfélag Reykjavíkur:

Skírdagur: Skilnaður eftir Kjartan Ragnarsson
5. apríl: Guðrún eftir Þórunni Sigurðardóttur.

Íslenska óperan:

Mikado eftir Gilbert og Sullivan.
Sýningar laugardag og 2. í páskum kl. 21.

Leikfélag Akureyrar:

Spékoppar eftir Gogga Feydeau. 2. sýning þessa frábæra gamanleiks verður á 2. í páskum og þriðja sýningin þann 7. apríl. Frumsýningin verður hins vegar í kvöld miðvikuinn 30. mars.

Leikfélag Mosfellssveitar:

Allir á bomsum nema einn.
Ný íslensk revía eftir marga góða. Sýning í Hlégarði fimmtudaginn 7. apríl kl. 21. Miðapantanir í sínum 66822 og 66195. Góða skemmtun.

Kirkjulist að Kjarvalsstöðum

Þegar komið er inn á kirkjulistarsýninguna að Kjarvalsstöðum og gesturinn svipast um, verður fyrsta viðbragð hans að biðja guð að hjálpa sér, og hlýtur höfuðtilgangurinn með sýningunni að vera sá, enda skortir hið listræna og flest verkanna eru eins og unnin af fariseahendi.

Fátt er eðlilegra en samlið trúar og listar eða að ofsa gæti hjá annarri í garð hinnar. Því ef list og trú eru ekki af sömu línu, þá eru þær samliggjandi línur eða stígmunur á sömu tilfinningunni sem á uppruna sinn handan við litina, orðin og formin, úti í hinni miklu vidd eða tómi þar sem guð er eða neistinn. Og maðurinn fyllir tóm-ið til að nálgast guð eða listina. Við það öðlast maðurinn lífsfyllingu: hann verður til sem hlutur en um leið endalaus viðátta á stað sem er ekki neins staðar en þó nálægur.

Listin krefst litillætis og enginn verður listamaður án þess hann viti að hann er að fást við eitthvað sem er miklu stærra en hann sjálfur, og að þetta eitthvað er í honum sjálfum. Trúðum fer á sama hátt. En á sýningunni á Kjarvalsstöðum er auðsætt að listamennirnir hafa „drifið sig í það að verða trúðir“. Einhver páska-hrota hefur gripið um sig í þeim og þeir hafa sópað fiski á land sem er að mestu netamorkur, ónýt vara og á engan hátt kristin. Ekki einu sinni í hinu veikburða tákn-máli, sem bögglast þó fyrir brjóstinu á flestum. Hinn íslenski raunsæisheimur kröfupólitíkur og fljóttekens gróða er fráhræfur tákn-máli, nema það sé eitthvað sem liggur algerlega í augum uppi líkt og flatneskjan.

Hið kynlega er að hinir fornu munir, ef svo mætti segja, hafa ekki heldur auðugt listrænt gildi. Það er klossuð trú tálguhnífsins sem liggur að baki þeim. Hins vegar kunna þeir að vera gæddir gildi hlutadýrkunarinnar, verið mönnum kærir, eins og hlutir sem maður fer oft um höndum og húðin elskar og minnið, sökum minninga. En sem hlutir gæddir æðri vitund eða listrænni lögun eru þeir ekki. Þess vegna er sáralitill munur á „fornri“ íslenskri kirkjulist og þeirri listahrotu sem fundurinn í Skálholti hrundi af stað. Listamennirnir hafa eflaust séð þarna gróðamöguleika, von

um að koma list sinni að og í verð. Slíkt er helsta áhugamálið. Og allir skilja það þótt verðbólga sé síðan gróðann. Trúardýrkun gróðans gapir þess vegna á móti manni á Kjarvalsstöðum, og er það ekki í fyrsta skipti sem trúarhofin skýla markaðsstefnunni. Trúð og verslið gæti verið boð-orðið.

Samt vottar fyrir viðáttuskyni á sýningunni og sátt við það að geta lifað við eitthvað sem aldrei verður skýrt nema með því að „maður hefur það bara á tilfinningunni“. Sumir kunna jafnvel tákn-mál sem er auðsætt en leynt í senn. En jafnvel þar vantar líka höfuðeinkenni og fylginaut trúarinnar: sjálfa syndina og baráttuna við líkamann og þarfir hans, einkum þá þörf að serða og fæða af sér afkvæmi, í stað þess að ljúka ævi sinni algerlega og renna saman við almættið óskiptur. Þessar tvær hliðar: hin andlega og klám-gefna er á öllum andlegum stór-mennum og list líka.

Getur þá átt sér stað að íslenskt trúarlíf sé svona gersamlega kyn-laust án þess að vera andlegt? Höfðu aðstandendur sýningarinnar ekkert sérstakt í huga við

unni og er ekki við mikið að keppa. En þarna eru einnig verk eftir Magnús Tómasson. Hildur Hákonardóttir og hann njóta þess að einhvern tíma voru þau áhangendur hreinnar hugmyndalistar eða að minnsta kosti tengd henni. Raunar er enginn listamaður „í rauninni til“ nema hann sé jafnframt tengdur hugmyndalist í einhverju formi. Þess vegna er frá-leitt þegar haldið er fram af listfræðingum og listamönnum að hugmyndalistin hafi runnið sitt skeið, að hún sé úrelt (líkt og slíkt sé til í heimi mannsandans) af því hið nýja málverk hefur rutt sér til rúms og líkist enn hálfkákí eða föndri, sem eðlilegt er sökum æsku sinnar. En hugmyndalistin rennur aðeins saman við nýja málverkið, á sama hátt og hún var samrunnin allri sögu málara-listarinnar, að minnsta kosti frá tíma Endurreisnarinnar á Ítalíu. Og hvað væru til að mynda málverk Botticelli ef hugmyndina eða táknmyndina vantaði?

En líklega lýtir það verk Magnúsar Tómassonar hvað hann skirskotar beint til Biblíunnar með skrifuðum texta. Slíkt er óparfi, en leið tilhneiging hjá

fara fram hjá neinum. Með textanum sviptir Magnús myndir sínar sínu víðtæka trúarlega eðli og gerir þær biblíusprottnar. En hið trúarlega inntak listar, guðið, er ævinlega erfitt að skilja nema með tilfinningalægu viti: hugboðinu.

Maður á krossi er höggmynd eftir Helga Gíslason, en hann forðast að gera hangamanninn skiljanlegan. Hann veit að maðurinn er stöðugt að skilja eftir sig hið ytra og innra roð. Hann veit að ef þú hefur farið í hús að kvöldlagi og rætt við einhvern, þá hefurðu um leið skilið eitthvað eftir af roði þínu. Eins er hinnhengdi maður á virnum kannski Kristur sviptur anda sínum. Þetta er ekki hinn kraftalegi barokk-Kristur Rúbens með blóð í nös-um, heldur miklu fremur Kristur Rembrandts í München, líkaminn sem er tekinn af krossinum líkur slýttislegri vömb sem byrjuð er að rotna, hið rotnunargjarna tákn kvalanna, roðið svipt anda sínum.

Hildur er lík Magnúsi, sagði ég í hugmyndalist sinni. En list Hildar er óbundin kristinni trú, heldur alheimsskynjun. Með röndunum neðst leggur hún grundvöllað sköpuninni sem umbreytist svo með því að koma fram og hverfa sem þræðir uns úr verður sól-setur/árroði og verður ekki greint þar á milli. Seiðmagnið ræður.

Vefnaður Hildar er afar áþekkur vefnaði Cynthiu Schira, einkum því verki Schira sem hún nefnir View to the East (Austur-sýn) og er í ætt við austurlenska skynjun og á því trúarsviði sem okkur er framandi, fremur listrænt en trúrænt.

Og ef minnst er á náttúruna, hvers vegna eru ekki á sýningunni verk í anda náttúru trúar Ásgríms og Jóns Stefánssonar, eða trúar-eðlis sem birtist í óhlutbundnu formi (því guðið er nú einu sinni óhlutbundið) eins og fram kemur í verkum Eyborgar Guðmundsdóttur? Og hvers vegna er engir fyrirlestrar haldnir í tengslum við sýninguna, sem mundu þá fjalla um trúarathöfn þá sem sköpun listaverksins er, ef það er á annað borð listaverk en ekki vörutegund? Kannski stafar það af því að íslenskir listamenn eru jafn litlir kennimenn á sínu sviði og kirkjunnar menn. Þeir elta bara bókstafinn sem er fyrir eða berst hingað frá útlöndum.

En áleitnasta og eitt minnsta verkið á sýningunni er verk Ásgerðar Búadóttur og er af litlum ofnum krossi. Og þar sem armarnir mætast og mynda krossinn verður til loðinn ferhyrningur. Fátt er jafn listrænt, snjallt og gætt slíkrí tvíræðri dulhyggju sem fjallar um og segir frá hlýju kvalanna eða gróðurreit armanna og táknins. Haft skal í huga að málariinn Josef Albers kvaðst hafa helgað sig ferhyrningnum.

En hvað sem er um það: Rannsaka, sál mín, orð það ört að verður spurt: hvað hefur þú gjört?

Þá herrann heldur dóm hjálpar engum hræsnin tóm; hrein sé trú í verkum fróm.

Svo mælti Hallgrímur Pétursson, og eitthvað slíkt hefðu aðstandendur sýningarinnar átt að segja við listamennina þegar þeir komu með verk sín.

En hver hefur einhverja skoðun á þessum tíma, þótt Passíusálmar séu lesnir daglega fyrir síðasakir? Hver maður hugsar sem svo: „Ég læt þetta eiga sig, annars fæ ég allan lýðinn á mig“.

Og listamenn nútímans eru að verða að miklum og voðalegum lýð sem rugla saman kúnt og kröfupólitík.

Myndlist

eftir Guðberg Bergsson



uppsetningu hennar og skipulag? Hafa þeir enga heimspekilega skoðun á því hvað er trú eða andlegt trúarlíf, guð? Niðurstæða sýningarinnar virðist vera sú að trúin er samansafn fremur illa gerðra hluta sem hrúgað er upp annað hvort í stofum, á heimilum, eða í kirkjum. Hlutadýrkunin er alger. Við klömbrum bara saman einhverju á Klambratúni og köllum þetta eða hitt og fyllum sýningarsali, af því fólk þarf eitthvað til að glápa á í eirðarleysi sínu, sem hefur sigrað kyrrð trúarinnar; fólk þetta er vant sólarparadís, hildarparadís, matarparadís, jarðneskum paradís, sem gera manninn þó gríðarlega óhamingjusaman og mikinn „meðferðarþurfa“.

Vefnaðurinn ber af á sýning-

Vefnaður Hildar Hákonardóttur á Kirkjulistarsýningunni seiðmagnið ræður.

